

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2003 miðvikudaginn 18.júní kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 13. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Erindi frá Þorbjörgu Jónasdóttir, Núpasíðu 6A, 600 Akureyri, þar sem hún sækir um að byggja sumarhús úr timbri á sumarhúsalóð út úr lögbylinu Þórðarstaðir, Þingeyjarsveit samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá ABS Teiknistofu.

*Erindi samþykkt.*

2. Erindi frá Jennýju Gunnbjörnsdóttir, Bakkahlíð 43 Akureyri og Ragnheiði Gunnbjörnsdóttir, þar sem þær sækja um að byggja sumarhús úr timbri á lóð B16 Höfðabyggð, Lundskógi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus ehf, teikni- og verkfræðistofu. Fylgiskjal, lóðarleigusamningur.

*Erindi samþykkt.*

3. Tekið fyrir að nýju erindi frá Svalbarðsstrandarhreppi, sem sækir um leyfi fyrir viðbyggingu og breytingum á Valsárskóla Svalbarðsstönd. Meðfylgjandi eru teikningar frá VA Arkitektum ehf, dagssettar 16.05.03. Þar sem brunavarnir og byggingarlýsing hafa verið uppfærð í samræmi við brunatæknilega hönnun. Einnig fylgir skýrsla um brunatæknilega hönnun, unnin af VST hf Akureyri.

*Erindi samþykkt.*

4. Umsókn um byggingarleyfi frá Snorra Egilssyni, Lerkiási 4, 210 Garðabæ, þar sem hann sækir um að byggja sumarhús úr timbri á eignarlóð sinni út úr lögbylinu Meyjarhól Svalbarðsströnd, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Teiknistofunni Torgið. Með erindi fylgir umsögn frá Skipulagsstofnun.

*Erindi samþykkt.*

5. Erindi frá Sigurbirni Sigurðssyni, Sólvöllum 7 Akureyri, þar sem sótt er um að byggja sumarhús úr timburbjálkum á lóð nr. 12 í sumarhúsabyggð í landi Geldingsár. Teikningar eru eftir Gunnhildi Gunnarsdóttir arkitekt FAÍ.

*Erindi samþykkt.*

6. Unnur Arnsteinsdóttir, Heiðarlundi 4c Akureyri, sækir um stöðuleyfi fyrir hjólhýsi á sumarhúsalóð sinni nr. 8 í sumarhúsabyggð í landi Geldingsár. Meðfylgjandi er afstöðumynd og lóðarleigusamningur.

*Í greinargerð með deiliskipulagi að sumarhúsabyggð í landi Geldingsár er einungis gert ráð fyrir sumarhúsum sem meiga vera allt að 80 fermetrum að stærð. Í greinargerðinni koma einnig fram að gerð og lega húsa skulu falla sem best að umhverfi svæðisins.*

*Byggingarnefnd getur því ekki orðið við ósk þinni um leyfi fyrir hjólhýsi á ofangreindri lóð.*

7. Tekið fyrir að nýju erindu frá Ingvar Kristinsson, Lækjarbrekku Eyjafjarðarsveit, sem sækir um leyfi til að byggja verkstæði og sambyggt alifuglahús, byggt upp með timburgrind og klædd að utan með furupanel. Teikningar eru frá Arkitekta- og verkfræðistofu Hauks ehf. Umsókninni fylgir staðfesting frá sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar, dagssett 30.maí 2003 og einnig yfirlýsing frá eigendum og ábúendum Kálfagerðir Eyjafjarðarsveit, sem ekki gera athugasemdir við fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir.

*Erindi samþykkt.*

8. Erindi frá Eyjafjarðarsveit sem sækir um að breyta Samkomuhúsinu Sólgarði í Smámunasafn, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Arkitekta- og Verkfræðistofu Hauks ehf. Erindi fylgir umsögn Vinnueftirlits.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti, en hönnuður skal skila inn leiðréttum teikningum í samræmi við athugasemdir eldvarnareftirlits.*

9. Ármann Gunnarsson, Skógarhlíð 10 Hörgárbyggð, sækir um leyfi til að byggja yfir svalir íbúðar á 2.hæð samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus ehf, teikni- og verkfræðistofu. Umsókn fylgir samþykki meðeigandi í húsinu.

*Erindi samþykkt.*

10. Arnar M Friðriksson, Tjarnarlundi 4G Akureyri, sækir um að setja niður til bráðabirða áhaldaskúr á sumarhúsalóð nr. 7 við götu D, í landi Steðja Þelamörk. Stærð skúrs er 1,7x2,5m og vegg hæð ca. 1,7m.

*Byggingarnefnd samþykkir stöðuleyfi til tveggja ára.*

11. Erindi frá Guðmundi Víkingssyni, sem sækir um leyfi til að einangra og klæða að utan með bárujárni, íbúðarhúsið í Garðshorni Hörgárbyggð.

*Erindi samþykkt.*

12. Erindi frá Unnari Eiríkssyni, Skógarhlíð 39 Hörgárbyggð, sem sækir um að reisa 2m háa skjólgirðingu á lóðarmörkum suð-vesturhorns, lengd 6m + 3m. Einnig er sótt um að setja niður 12 fermetra glerhús/gróðurhús í skjól við umrædda girðingu. Með umsókn fylgir samþykki nágranna í Skógarhlíð 41.

*Byggingarnefnd samþykkir uppsetningu á skjólvegg og gróðurhúsi, en gerir kröfu um að skilað verði inn uppdrætti er sýnir frágang á festingum og undirstöðum fyrir skjólvegg og gróðurhús.*

13. Norðurorka hf, Rangárvöllum Akureyri, sækir um leyfi til að byggja borholuhús úr frauðeiningum á stálgrind, á lóð úr landi Arnarnesshrepp ofan Hjalteyrar, merkt með hornpunktum L5 – L9, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Verkfræðiskrifstofu Norðurlands. Erindi fylgir lóðarleigusamningur.

*Erindi samþykkt.*

14. Norðurorka hf, Rangárvöllum Akureyri, sækir um leyfi til að byggja dæluhús úr frauðeiningum á stálgrind, á lóð úr landi Arnarholts Arnarnesshreppi, merkt með hornpunktum L1 – L4, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Verkfræðiskrifstofu Norðurlands. Erindi fylgir lóðarleigusamningur.

*Erindi samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.00.

Hreiðar Hreiðarsson  
Sigurður Skúlason

Klængur Stefánsson  
Bragi Pálsson

Hermann G Jónsson  
Þröstur Sigurðsson